

Spurningar til lokaprófs

Gert er ráð fyrir 15 mín próftíma á hvern nemanda. Prófið verður munnlegt og hver nemandi dregur númer sem samsvarar spurningunum hér að neðan. Ekki er gert ráð fyrir undirbúningstíma né að nemendur styðjist við gögn í prófinu.

1. Hvað er sáttamiðlun? Fjallaðu um mikilvægi þess að sýna hlutleysi í sáttamiðlun.
2. Hvað er sáttamiðlun? Fjallið sérstaklega um undirbúning í sáttamiðlunarferlinu og hvaða þættir það eru sem sáttamiðlari skoðar þegar hann metur hvort sáttamiðlun sé rétta úrræðið til þess að leysa úr ágreiningi eða deilu aðila?
3. Hvað er ferlismiðuð sáttamiðlun og hvað er ráðgefandi sáttamiðlun? Hvað einkennir hvora nálgun fyrir sig. Hverjir eru kostir og gallar þess að nota þessar nálganir?
4. Fjallið um notkun spurningatækni í sáttamiðlun. Hvaða þætti þarf sáttamiðlari að hafa í huga til að koma með góðar spurningar í sáttamiðlun? Hver eru lykilatriði í spurningatækni sem sáttamiðlari þarf að vera meðvitaður um?
5. Hvað er sáttamiðlun? Að hvaða leyti er sáttamiðlun ólík og hvað á sáttamiðlun sameiginlegt með öðrum úrræðum við lausn deilumála (þ.e. samningaviðræður, gerðardómur og dómsmál)?
6. Hvað er sáttamiðlun? Fjallið um og ræðið rök með og á móti valkvæðri og skyldubundinni sáttamiðlun.
7. Fjallið um lögfesta sáttamiðlun á Íslandi. Hvað er sérstakt við þann málaflokk og hvaða atriði þarf sáttamiðlari sérstaklega að hafa í huga við vinnslu slíkra mála?
8. Hvað er sáttamiðlun og hvað þarf sáttamiðlari að hafa í huga þegar sáttamiðlun er notuð í eftirfarandi aðstæðum:
 - Fjölskyldumálum
 - Fasteignamálum
 - Vinnustaðadeilum
 - Sáttamiðlun með ólíkum aldurshópum
9. Fjallið um sáttamiðlunarákvæði í samningum. Hverjir eru helstu kostir þess að innleiða sáttamiðlunarákvæði í samninga og hvað ber að varast í þeim efnum? Hvernig breytir slíkt ákvæði upphafi og aðdraganda sáttamiðlunar?

10. Hvað er sáttamiðlun? Fjallið um notkun eintals í sáttamiðlun. Hvaða atriði þarf sáttamiðlari að hafa sérstaklega í huga?
11. Hver eru fjögur skref í lausnamiðaðri samningatækni og hvernig nýttast þau sáttamiðlara?
12. Hver eru verkfæri sáttamiðlara og hvernig getur hann nýtt þau?